



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. P 138/1193
komudagur 9.3.2010

Reykjavík, 08.03.2010
Tilv. 90.13
JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, um aflaráðgefandi nefnd, 305. mál, 138. löggj.þing 2009-2010

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 22. febrúar 2010 varðandi ofangreint frumvarp til laga.


Öllum er ljóst sem koma að stjórn fiskveiða, rannsóknum og ráðgjöf að það er grundvallaratriði til árangurs að virkjuð sé þekking sjómanna og þeirra sem starfa við sjávarútveg við ákvarðanatöku um nýtingu fiskistofnanna. Það er því engin tilviljun að fiskifræðin og aðferðir við mat á afrakstri fiskistofnanna, sem ráðgjöf um hámarksafla er grundvölluð á, gerir ráð fyrir að gögn um fiskveiðar séu kerfisbundið notuð við mat á ástandi fiskistofnanna. Tillaga um aflaráðgefandi nefnd virðist sprottin af þeirri hugsun, að sjónarmið og reynsla atvinnugreinarinnar þurfi að koma sterkara til álita við ákvörðun stjórnvalda um það magn sem veiða á.

Í þessu sambandi skal áréttað viðtækt samráð og samvinna Hafrannsóknastofnunarinnar og samtaka sjómanna og útvegsmanna sem stuðlar að virku upplýsingaflæði. Jafnframt hefur Hafrannsóknastofnunin greiðan aðgang að afladagbókum og öðrum veiðigögnum af fiskiskipum. Ljóst er að sú "gjá" milli aðila sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins helgast ekki af mismunandi túlkun á fiskigegnd, þar sem mælingar Hafrannsóknastofnunarinnar og markmið uppbyggingar þorsstofnsins gera ráð fyrir aukinni fiskigegnd sem sjómenn nú tala um. Frekar mætti tala um "gjá" á milli aðila hvað varðar langtíma markmið veiðistjórnunar.

Mikilvægt er að ákvarðanatöku taki mið af ástandi fiskistofna byggðu á hlutlausri ráðgjöf vísindamanna. Ekki má liggja vafi á hvort hér sé ætlunin að víkja frá þessari megin reglu.

Að lokum skal vakin athygli á að kaupendur fiskafurða eru í vaxandi mæli farnir að gera kröfur um að ströngustu viðmið um sjálfbærni veiða séu í heiðri höfð, að vísindaleg vinnubrögð séu ástunduð við stjórn fiskveiða, að fiskveiðistjórnunin sé gagnsæ í öllu tilliti og að hlutlaus rannsóknaraðili komi að rannsókn og ráðgjöf um nýtingu fiskistofnsins. Slíkum sjónarmiðum er nauðsynlegt að gefa gaum við umfjöllun þessa frumvarps.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is